

# Minnisblað SHS

Efni: Sjúkraflutningar frá Vatnsmýri og Hvassahrauni að Landspítala  
Viðtakandi: Stýrihópur um athugun á flugvallarkostum.  
Sendandi: Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins  
Dags.: 5. maí 2015

Stýrihópur um athugun á flugvallarkostum óskaði eftir upplýsingum um aksturstíma sjúkrabíls í forgangsakstri frá flugvelli í Vatnsmýri til Landspítala á Hringbraut og í Fossvogi annars vegar og hins vegar frá mislægum gatnamótum Hvassahrauns og Reykjanesbrautar til Landspítala á Hringbraut og í Fossvogi. Upplýsingar um aksturstíma frá Vatnsmýri lágu fyrir í gagnagrunni SHS, en sviðsetja þurfti neyðarakstur frá Hvassahrauni til þess að geta gefið marktækar upplýsingar.

Það er vert að benda á að sjúkrabílar SHS eru vel tækjum búnir og mannaðir vel menntuðu fólki til umsjár og umönnunar sjúklinga, sem skiptir höfuðmáli í þessu samhengi.

## Vatnsmýri – Landspítali

Þar sem við fáum að vita um flutning frá flugvelli með nokkrum fyrirvara þá eru þeir allir flokkaðir sem F3 (forgangur 3) hjá okkur.

Samkvæmt gagnagrunni okkar voru farnir 1.310 flutningar frá flugvelli, á árunum 2012-2014, til LSH-Hringbraut eða LSH Fossvogi. 590 flutningar voru á Hringbraut og 720 í Fossvog.

Meðalflutningstími frá Flugvelli að LSH-Hringbraut er um 5-6 mín. Meðalflutningstími frá Flugvelli að LSH-Fossvogi er líka um 5-6 mín.

Það er ekki mikill munur á því hvort ekið er á bláum ljósum eða ekki vegna þess að vegalengdin sem ekið er er stutt og nokkuð greiðfær. Almennt er ekki ekið á bláum ljósum frá flugvelli á spítala.

## Hvassahraun - Landspítali

Til þess að gefa raunhæfa mynd af flutningstíma hefur SHS sviðsett forgangsakstur frá mislægum gatnamótum Hvassahrauns og Reykjanesbrautar að Landspítala. Tími var mældur tvisvar sinnum, fyrir hádegi og í eftirmiðdag, vegna misjafns umferðarpunga. Mælingar fóru fram mánudaginn 4. maí og var sami sjúkrabíll notaður í báðum tilvikum, en í fyrri ferðinni var ekið í Fossvog og þeirri seinni á Hringbraut.

### *Sviðsetning 1: Aðrein Hvassahraun að LSH Fossvogi*

#### Vegalengd

Vegalengdin frá aðrein við Hvassahraun og að bráðamóttöku LSH í Fossvogi er samkvæmt ökumæli bíls 19 km.

#### Tími

Lagt var af stað kl. 10.58. Aksturtími frá aðrein í Hvassahrauni að LSH Fossvogi var 13 mín. 28 sek.

#### Veður

Mánudaginn 03.05. kl. 11: Norðan 6 m/s hiti 2,4 stig. Mesti 10 mínútna vindur 6 m/s. Mesta hviða 11 m/s. Úrkoma 0 mm. Rakastig 32%. Loftþrýstingur 1012,8 hPa. (vedur.is, Faxaflói)

## Annað

Ekið var á forgangi og hljóðmerki gefin eftir þörfum. Akstursskilyrði voru með besta móti. Bjart og vegir þurrir. Umferðin var nokkuð létt á Reykjanesbrautinni en tók að þyngjast þegar komið var að Hellnahrauni (iðnaðarhverfinu í Hafnarfirði). Ökutæki viku vel fyrir sjúkrabílum.

### *Sviðsetning 2: Aðrein Hvassahraun að LSH Hringbraut*

#### Vegalengd

Vegalengdin frá aðrein við Hvassahraun að LSH Hringbraut er samkvæmt ökumæli bíls 21 km.

#### Tími

Lagt af stað kl. 16.10. Heildartími frá aðrein í Hvassahrauni að LSH Hringbraut var 16 mín. 30 sek.

#### Veður

Mánudaginn 03.05. kl 16. Norðan 6 m/s hiti 3,8 stig. Mesti 10 mínútna vindur 6 m/s. Mesta hviða 11 m/s. Úrkoma 0 mm. Rakastig 30%. Loftþrýstingur 1012,3 hPa. (vedur.is, Faxaflói)

## Annað

Ekið var á forgangi þ.e. bláum ljósum og sírenu. Sírenur voru notaðar nær alla leiðina vegna umferðar. Akstursskilyrði voru með besta móti. Bjart og vegir þurrir. Umferðin var nokkuð meiri en í fyrri mælingunni.

### Mönnun og útbúnaður sjúkrabíla SHS

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur á að skipa einhverja reynslumestu og best menntuðu sjúkraflutningamenn landsins. Árið 2014 fóru sjúkraflutningamenn SHS í 6.959 bráðatilfelli og 19.332 almenna sjúkraflutninga, samtals 26.292 útköll, sem eru um 85% allra útkalla sjúkrabíla í landinu.

Menntun sjúkraflutningamanna á Íslandi skiptist í þrjú stig, grunnmenntun, neyðarflutninganám og bráðatæknánám. Allir starfandi sjúkraflutningamenn eiga að vera með grunnmenntun. SHS hefur það að markmiði að allir starfsmenn hafi að minnsta kosti lokið neyðarflutninganámi eftir þrjú ár í starfi. Hjá SHS starfa í dag 17 bráðatæknar og eru tveir til viðbótar að ljúka námi á vormánuðum. Bráðatæknar sækja nám sitt til Pittsburgh í Bandaríkjunum en það er diplómanám á háskólastigi sem samsvarar fjögurra anna háskólanámi. Með auknu námi öðlast sjúkraflutningamenn aukin starfsréttindi sem byggja á vinnuferlum sem gefnir eru út af Landlækni. Aukin starfsréttindi fela í sér víðtækari leyfi til inngripa, t.d. með lyfjagjöf og rafvendingu.

SHS hefur sett sér þá lágmarkskröfu að a.m.k. einn bráðatæknir sé á vakt allan sólarhringinn. Sú staða kemur þó eingöngu upp á um 3 prósent vakta, en á 73% allra vakta eru þeir þrír eða fleiri.

Mikið af sérhæfðum búnaði er í sjúkrabílunum. Þar má helst nefna hjartastuðtæki sem hægt er að nota til þess að stuða, rafvenda, taka 12 leiðslu hjartarit og senda það af vettvangi inn á spítala; hnoðvél, sem notuð er til þess að veita sjúklingum eldri en 12 ára vélrænt hjartahnoð, og öndunarvél sem virkar bæði fyrir börn og fullorðna, auk fjölda sérhæfðra lyfja fyrir ýmsar tegundir tilfella og sjúkdóma.

### **Tímamæling neyðaraksturs.**

Að ósk svokallaðar Rögnunefndar var gerð tímamæling á neyðarakstri sjúkrabíls frá aðrein í Hvassahrauni að LSH Fossvogi og LSH Hringbraut.

Ákveðið var að gera tvær tímamælingar á mismunandi tíma dags til að fá ólíkan umferðarpunga.

Í fyrri mælingunni var farið að LSH Fossvogi og í þeirri síðari að LSH Hringbraut.

Akstursskilyrði voru með besta móti og því má ætla að þessir tímar séu með því besta sem hægt er að gera ráð fyrir að náist.

Báðar tímamælingar voru framkvæmdar mánudaginn 4.maí 2015. Í báðum mælingunum var notast við RKÍ 15 (KZ B68)

### **Tímamæling 1 Aðrein Hvassahraun að LSH Fossvogi**

Ekið var á forgangi og hljóðmerki gefin eftir þörfum. Akstursskilyrði voru með besta móti. Bjart og vegir þurrir. Umferðin var nokkuð létt á Reykjanesbrautinni en tók að þyngjast þegar komið var að Hellnahrauni ( iðnaðarhverfinu í Hafnarfirði). Ökutæki viku vél fyrir sjúkrabílnum.

Vegalengdin frá aðrein við Hvassahraun og að Bráðamótöku LSH í Fossvogi er samkvæmt ökumæli bíls 19 km

Lagt var af stað kl. 10:58

Aksturtími frá aðrein í Hvassahrauni að LSH Fossvogi var 13:28 mín.

Veður. Faxaflói (veður.is)

Mánudaginn 03.05. kl 11.Norðan 6 m/s hiti 2,4 stig. Mesti 10 mínútna vindur 6 m/s. Mesta hviða 11 m/s. Úrkoma 0 mm. Rakastig 32%.Loftþrýstingur 1012,8 hPa

### **Tímamæling 2 Aðrein Hvassahraun að LSH Hringbraut**

Ekið var á forgangi þ.e. bláum ljósum og sírenu. Sírenur voru notaðar nær alla leiðina vegna umferðar. Akstursskilyrði voru með besta móti. Bjart og vegir þurrir. Umferðin var nokkuð meiri en í fyrri mælingunni.

Vegalengdin frá aðrein við Hvassahraun að LSH í Hringbraut er samkvæmt ökumæli bíls 21 km

Lagt af stað kl. 16:10

Heildartími frá aðrein í Hvassahrauni að LSH Hringbraut var 16:30

Veður. Faxaflói (veður.is)

Mánudaginn 03.05. kl 16.Norðan 6 m/s hiti 3,8 stig.Mesti 10 mínútna vindur 6 m/s. Mesta hviða 11 m/s. Úrkoma 0 mm. Rakastig 30%.Loftþrýstingur 1012,3 hPa

### **Tímamæling 3 Föstudaginn 12.06.2015 kl. 07:58**

#### **Aðrein Hvassahraun að LSH Fossvogi**

Ekið var á forgangi og með hljóðmerki. Akstursskilyrði voru með besta móti. Bjart og vegir þurrir.

Umferðin var nokkuð létt á Reykjanesbrautinni en tók að þyngjast þegar komið var að Hellnahrauni ( iðnaðarhverfinu í Hafnarfirði). Ökutæki viku vel fyrir sjúkrabílnum.

Vegalengdin frá aðrein við Hvassahraun og að Bráðamótöku LSH í Fossvogi er samkvæmt ökumæli bíls 19 km

Lagt var af stað kl. 07:58

Aksturtími frá aðrein í Hvassahrauni að LSH Fossvogi var 14:04 mín.

Veður. Faxaflói (veður.is)

Norðaustan 5-10 m/s og bjart að mestu. Hægari síðdegis og skúrir sunnantil. Fremur hæg norðlæg átt og léttskýjað á morgun. Hiti 5 til 12 stig.

Spá gerð: 12.06.2015 06:18. Gildir til: 13.06.2015 18:00.